



Fjölbautaskóli Suðurlands

Haustönn 2023

Almenn eðlisfræði - grunnur

EDLI2GR05

Kennari:	Thelma M. Marinósdóttir – thelma@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga eðlisfræði er byrjað á því að láta nemendur vinna með hugtök og þekkingu úr grunnatriðum aflfræði og ljósgeislafræði. Samtímis því eru nemendur þjálfadír í þeim vinnubrögðum sem notuð eru við nám í þessari grein. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og saman í hópum og lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð nemandans á eigin námsframvindu. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: mælingar og óvissumat, líkön, fræði og lögmál, hreyfing í einni vídd, vigrar og grafisk lýsing á hreyfingu, hreyfilögmál Newtons, þyngdarkraftur og núningskraftur, tengsl vinnu og orku, nokkrar orkumyndir og varðveisislulögmál tengd þeim.

Undanfari: STÆR2AF05 eða STÆR2VF05

Þekkingarmiðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvað felst í vísindalegri aðferð
- SI-kerfinu og SI-einingum stærða sem unnið er með
- helstu hugtökum sem notuð eru í hreyffifræði, aflfræði og ljósgeislafræði
- helstu lögmálum ofannefndra greina, svo sem hreyfilögmálum Newtons og varðveisislulögmálum vélrænnar orku og heildarorku, endurvarpslögmálinu og lögmáli Snells

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fara með tölur og vigra í eðlisfræði og í vísindalegum vinnubrögðum
- beita lögmálum og jöfnum úr námsefninu við að leysa verkefni af ýmsu tagi
- leiða út með rökrænum hætti jöfnu fyrir sambandi stærða frá gefnum forsendum
- framkvæma verklegar æfingar og vinna úr mæliniðurstöðum þeirra
- setja fram eðlisfræðilegt umfjöllunarefni á skýran og markvissan hátt í ræðu og riti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- nota námsefni og gögn á markvissan hátt
- yfirfæra þekkingu úr öðrum greinum til að auðvelda námið
- meta hvort niðurstöður útreikninga og mælinga séu raunhæfar
- tengja eðlisfræðina við daglegt líf og umhverfi og gera sér grein fyrir notagildi hennar

Námsefni:

Dæmi úr Eðlisfræði fyrir byrjendur. Höfundur: Vilhelm Sigfús Sigmundsson. 3. útgáfa, ásamt efni frá kennara

Námsmat:

Annareinkunn:

Þar af

Heimadæmi/	
Verklegir tímaskýrslur	50%
Lotupróf	50%

Áætlun um yfirferð

Dagsetn.	Yfirferð	Annað
21. ágúst – 27. september	Hreyfifraði	Lotupróf 1
2. október – 27. október	Lögmál Newtons	Lotupróf 2
2. nóvember – 4. desember	Vinna, orka, afl	Lotupróf 3
Ef tími leyfir	Skriðþungi og árekstur	

Með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 1. september, 2023

Thelma María Marinósdóttir